



Brynhildur Sigurðardóttir:

# Hugleiðing um hugsun

*Endnote*

*Eins og aðrir áhugamenn um skólamál hef ég undanfarin misseri verið að þæla í því hvernig gera má góðan skóla betri. Athygli mín hefur beinst að heimspekinni, fjarveru hennar frá skólanum og hvernig hún getur kennt okkur að hugsa markvissar en við gerum oft á tíðum. Hverju er ég að halda fram hér? Hugsa heimspekingar skýrar en annað fólk? Er hægt að hugsa vel eða illa?*

Hvað heimspekingana varðar er best að alhæfa ekki neitt, þeir hljóta að vera misjafnir eins og aðrir menn. En spurningin er hvort heimspekin sjálf hafi eitthvað fram að færa sem getur bætt hugsun okkar almennt. Nú ætla ég ekki að reyna að skilgreina hugsun eða gera henni tæmandi skil. Það sem mig langar að gera er að lýsa með dæmum hvernig við eigum ekki að beita hugsun okkar að mínu mati. Einnig ætla ég að sýna hvernig tekist er á við slík dæmi í námsefninu *Uppgötvun Ara* sem er grundvallarnámsefni í barnaheimspeki.<sup>1</sup>

Í daglegu lífi verðum við vitni að ótal samtölum; á heimili okkar og í vinnu- og fjölmörgum. Rætt er um veðrið, daginn og veginn, persónulega hagi og svo framvegis. Oft þarf ekkert að huga að rökunum að baki því sem sagt er. Þau geta verið svo sjálfsgöð að allir þekkja þau og eru sammála um þau. En stundum koma þó athugasemdir eins og: „Mikið er þetta vel unnið verkefni, Gunna mín. Hver hjálpaði þér með það?“ Það er alltaf gott að fá hrós en af hverju er þessari spurningu bætt aftan við? Hún dregur í raun hrósið snarlega til baka og beinir því til einhvers annars, hjálparaðilans. Í spurningunni býr falin forsenda, nefnilega sú að Gunna sé í rauninni ekki mjög dugleg og hefði ekki getað unnið verkefnið án hjálpar. Vel getur verið að Gunna hafi fengið hjálp við verkefnið og þá svarar hún spurningunni áhyggjulaus. En ef Gunna vann

verkefnið upp á eigin spýtur hlýtur spurningin að koma illa við hana því hún birtir fordóma og vantraust spyrjandans í hennar garð. Eigi samskipti milli manna að vera hreinskiptin verður fólk að geta greint faldar forsendur af þessu tagi og brugðist við þeim, þannig að samtalið haldi ekki áfram að hvíla á forsendum sem aðilar eru ef til vill ekki sammála um. Hægt er að þjálfa sig með því að reyna að finna földu forsendurnar í setningum á borð við: „Hversu lengi var Leifur heppni að sigla yfir Kyrrahafið?“ „Vissulega er hann heilbrigður, ríkur og klár en mér finnst hann samt misheppnaður,“ sagði Sigga. „Hjálp!“ (*Heimspeki-æfingar*, bls. 191)

Í deilum reynir fólk oft að verja málstað sinn með öllum tiltækum ráðum. Við getum tekið dæmi af Önnu, miðaldra konu, sem blöskrar útgjöld ríkisins til heilbrigðismála. Henni dettur í hug að hægt sé að spara með því að skera niður þjónustu til þeirra sem að hennar mati munu hvort eð er aldrei lifa sómasamlegu lífi, til dæmis fjölfatlaðra. Að sjálfsgöðu er þessari konu harðlega andmælt, en í hita leiksins geta andstæðingar hennar gleymt að beita rökum og sagt í staðinn: „Þú ert greinilega fullkomlega kaldrifjuð manneskja! Þú getur ekki nokkurn tíma hafa lifað almennilegu fjölskyldulífi.“ Í stað þess að benda Önnu á rök gegn skoðun hennar, svo sem að fjölfatlaðir einstaklingar geti verið hamingjusamir og ánægðir með líf sitt, að

Sigurðardóttir, hóf þar nám nú í haust. Námsbrautir í þessum fræðum hafa einnig verið stofnaðar við skóla í Ástralíu og Kanada en eina doktorsbrautin hefur verið í Mexíkó við Universida Iberioamericana. Frá haustinu 1999 verður doktorsnám í boði við háskólann í Montclair.

Frá stofnun IAPC hafa jafnan verið haldin námskeið fyrir starfandi háskólakennara í barnaheimspeki og er sá hópur orðinn mjög stór. Afföll eru hins vegar mikil, það er að segja, jafnvel þeir háskólakennarar sem sótt hafa þessi námskeið eiga erfitt með að koma barnaheimspeki inn í eigin kennaradeildir. Þrátt fyrir takmarkaðan áhuga kennara háskóla hefur barnaheimspekin náð að skjóta traustum rötum mjög víða og vex hún ört um þessar mundir. Það má til dæmis sjá á því að heimspekingar hafa í vaxandi mæli farið að skrifa fyrir börn. Má þar til dæmis nefna tvö smásagnasöfn, *Thinking Stories* í ritstjórn Philipps Cams.<sup>6</sup> Síðast en ekki síst má nefna að UNESCO leitaði síðastliðið vor til barnaheimspekinga og samtökin hafa sett sér það markmið að vinna að framgangi heimspekikennslu á lægri skólastigum.<sup>7</sup>

Árið 1985 stofnuðu barnaheimspekingar með sér alþjóðleg samtök, International Council for Philosophical Inquiry with Children (ICPIC).<sup>8</sup> Stofnfundurinn var í Danmörku og var undirritaður þá kjörinn gjaldkeri samtakanna og gegndi því fyrstu átta árin. Samtökin standa fyrir ráðstefnum annað hvert ár og síðast var fundað á Akureyri í júní 1997. Næsta ráðstefna verður í Brasilíu en Spánn, Ástralía, Taívan, Austurríki og Mexíkó eru á meðal fyrri fundarstaða.

#### Heimspekiskólinn

Að loknu námi, haustið 1987, leitaði ég til nokkurra skólastjóra til að kynna þeim og spyrjast fyrir um hvort hægt væri að fara af stað með heimspekikennslu í skólum þeirra. Eftir að hafa talað við eina fjóra var ljóst að áhugi var lítill. Þá datt mér í hug að auglýsa rökaleiknínámskeið hjá Heimspekiskólanum fyrir tíu til tólf ára börn. Viðbrögð urðu strax þokkalega góð og hefur skólinn starfað samfelld frá þessum tíma. Námskeiðunum var fljótlega fjölgað og fimm til sjö ólík námskeið eru að jafnaði í boði fyrir sex til fjórtán ára börn. Námsfnið, sem lýst var hér að ofan, er í stöðugri notkun en sögur eftir Sharp og úr

smásagnasöfnum Cams hafa einnig verið notaðar til að krydda námsefni Lipmans. Í starfi skólans hefur mest verið lagt upp úr heimspekilegum samræðum með nemendum en einnig hefur verið fönðrað, leikið, ort og málað út frá umræðuefnum.

- 1 IAPC, 1984. *Report to the Schumann Foundation*, bls. 11: „If you're right, everything that we do is wrong!“
- 2 Matthew Lipman (1996). *Natasha. Vygotskian Dialogues*. Teachers College Press.
- 3 Lipman, Sharp og Oscanyan (1980). *Philosophy in the Classroom*. Temple University Press. Sjá viðauka bls. 217-224: Experimental Research in Philosophy for Children.
- 4 Sögurnar eru allar fáanlegar hjá IAPC, Montclair State University, New Jersey 07043.
- 5 Philip Cam (1995). *Thinking Together, Philosophical Inquiry for the Classroom*. Primary English Teaching Association in association with Hale & Iremonger, Ástralíu.
- 6 Philip Cam (1993 og 1994) *Thinking Stories*. I og II. Hale & Iremonger, Ástralíu.
- 7 Ron Reed (1998). „UNESCO's Offer to Assist Pre-Adult Philosophy,“ *Thinking*, 14 (1) bls. 38-45.
- 8 Upplýsingar um ICPIC er að finna á heimasíðu Heimspekiskólans: <http://www.islandia.is/~hskoli>

*Greinarhöfundur er skólastjóri  
Heimspekiskólans*

